




Fyrstu íslensku fréttamyndirnar.



Fyrstu íslensku fréttamyndirnar voru dúkristumyndir í Morgunblaðinu árið 1913

FYRSTU fréttamyndirnar í íslensku dagblaði birtust í Morgunblaðinu 17. nóvember árið 1913, og birtust þær ásamt frásögn af atburði, sem þá hafði nýverið átt sér stað í Reykjavík.

Arni Óla blaðamaður fór á vettvang með dönskum manni, Bang að nafni, sem var sýningarstjóri í Gamla hóli. Bang risti tvær myndir í línóleum-dúk og birtust þær síðan í blaðinu næsta dag. Í blaðinu 10. nóvember birtust síðan tvær dúkristumyndir til viðbótar, og voru þær af persónum, sem höfðu komið við sögu í máli því, sem sagt var frá. Voru mannamyndir þessar þannig, að sögn Arna Óla, að um allmörg ár þótti það vond tilhugsun að láta birta mynd af sér í Morgunblaðinu.

„Götustrákar í Reykjavík sögðu oft við óvini sína á þessum árum“, segir Arni Óla í samtali við Mbl.: „Ég skal láta birta mynd af þér í Morgunblaðinu, helvítió þitt, ef þú þegir ekki.“

Aður en graffikmyndir þessar birtust í Morgunblaðinu, höfðu að vísu oft birt myndir í íslenskum blöðum, en þar var ekki um að ræða myndir tengdar frásögnum af atburðum lífandi stundar, og geta þær því ekki talizt fréttamyndir.

Líklegt má telja, að þessar myndir séu fyrstu graffikmyndir, sem gerðar voru hér á landi og bendir því flest til þess, að hér að ofan gefi að líta frumstig íslenskrar graffiklistar.

— A. R.

kennt í venjulegri kennslustofu þar sem önnur kennsla fór líka fram, en árið 1962 setti ég upp litógrafískt verkstæði og tréristu í sérstakri kennslustofu. Á þessum árum var áhuginn svo ægilegur, að unnið var sleitulaust til kl. 7 á laugardagskvöldum. Meðal duglegustu nemendanna var Einar Hákonarson, sem var þá nýbyrjaður í skólanum. Ahugi á graffikinni var svo mikill, að sumir kennarar við skólann lögðu eiginlega fæð á þessa grein. Margir af þeim, sem lærðu graffík hjá mér, fóru síðan til náms í graffík erlendis. Þegar þeir fóru að tínast heim aftur varð grundvöllur fyrir því að endurvekja félag graffiklistarmanna, en starfsemi þess hafði þá lögð niðri í mörg ár, m.a. vegna veikinda Jóns Engilberts og Veturlíða, sem þar höfðu verið atkvæðamestir og starfsemi félagsins hvíldi að mestu á.“

— 0 —

Það vekur eftirtekt, að Einar Hákonarson er ekki meðal þeirra listamanna, sem verk eiga á þessari sýningu. Hann var meðal hinna fyrstu af yngri kynslóð myndlistarmanna, sem tóku að stunda graffík fyrir alvöru, þegar segja má að nokkurs konar vakning hafi átt sér stað í þessari grein myndlistar. Einar átti mestan þátt í endurreisn félags graffiklistamanna árið 1969 og var formaður þess næstu þrjú ár.

Einar var að því spurður hverju það sætti, að hann tæki ekki þátt í graffíksýningunni:

„Þetta á sér þann aðdrag-

anda, að í vetur var sýning á íslenskri popplist í Listasafni Íslands. Umsjónarmaður þeirrar sýningar var Olafur Kvaran. Hann sá ekki ástæðu til að leita til mín um þátttöku í poppsýningunni, eins og fram kom í dagblöðum á sínum tíma. Eg fékk aldrei neina skýringu á því hvernig á þessu stóð.

Þegar farið var að tala um að halda graffíksýningu á Listahátíð var ég beðinn um að taka þátt í henni, en þegar ég varð þess vísari, að Olafur Kvaran yrði í sýningarnefnd, lagði ég til á félagsfundum í Íslenskrí graffík, að hann kæmi þar hvergi nærri. Þetta var rætt fram og til baka, og þegar svo var komið, að stjórnin lýsti því yfir, að hún segði af sér og útlit varð þannig fyrir að ekkert yrði af sýningunni, var ekki nema von, að fundarmenn samþykktu að halda í Olaf, stjórnina og sýninguna, en láta mig sigla.

Þegar sú varð niðurstaðan sá ég ekki ástæðu til að vera lengur í félaginu, og sagði mig því úr því.“

Um graffík almennt sagði Einar Hákonarson:

„Ahugi hér á graffík er geysimikill. Það tel ég mig geta borið fyllilega um þar sem ég er aðal-kennari Myndlistar- og hand-íðaskólans í graffík, og flestir þeirra, sem nú vinna að graffík eru fyrrverandi nemendur mínir. Aðstöðuleysi í graffík háir þeim, sem hafa lokið námi í skólanum, því að það er ekki lengur rúm fyrir þá í verkstæði skólans. Sumir hafa komið sér upp eigin verkstæði eða aðstöðu, en það er nauðsynlegt að koma upp fullkomnu graffík-ferkstæði annars staðar en í skólanum, því að fæstir hafa tækifæri til að setja upp einka-ferkstæði. En hér er svo mikið af duglegu og efnilegu fólki á þessu sviði, að graffíkferkstæði verður að komast á laggirnar sem allra fyrst,“ sagði Einar Hákonarson.

A það skal að lokum bent, að áhúafólk um myndlist ætti ekki að láta graffíksýninguna að Kjarvalsstöðum fram hjá sér fara, því að hér er ekki einungis um að ræða yfirlitssýningu á graffík, heldur fæst í sumum tilvikum allgott yfirlit um starf einstakra listamanna á sviði graffiklistar.

— Rætt við Borgar Gardarsson

Framhald af bls. 8

allir séu alltaf sammála um svörin við þessum spurningum — þess vegna er umræðan og síðan er leitast við að finna einhvern vinnugrundvöll, sem allir sem taka þátt í sýningunni geta staðið á. Það má kannski segja að við nálgumst viðfangsefnin með lýðræðislegri hætti en hér tókast, þar sem leikstjórinn er mun einráðari um alla mótun sýningarinnar. Og mér finnst þessi aðferð sem notuð er hjá Lilla Teatern á margan hátt markvissari en hér hefur tókast og sýningarnar þannig meiri heild.“

Roland Hedlund segir í þessu sambandi, að alræði leikstjórans sé síður en svo sér-íslenskt fyrirbæri og kveðst þekkja af eign raun að slíkt sé viðtekin venja hjá ýmsum helztu leikhúsum Svía. „Forsenda góðrar sýningar er fyrst og fremst að leikstjórinn hafi einhverja sannfæringu varðandi viðfangsefni sitt, mót-áðar hugmyndir og skilning en sé ekki einungis að sýsla við smáatriði,“ segir hann.

Leikhús leikaranna

Sarkola tekur í sama streng. „Það má eftil vill segja um Lilla Teatern, að það sé fyrst og síðast leikhús leikaranna, ekki leikstjórnanna. Það er t.d. enginn fastráðinn leikstjóri hjá leikhúsinu heldur eru þeir oftast sóttir út fyrir leikhúsið en leikararnir hafa síðan þá einu skyldu að leggja þeim til allt sem þeir gata og hafa yfir að ráða.“

Lilla Teatern starfar á ýmsan hátt við nokkuð sérstakar aðstæður í Finnlandi. Það er raunverulega leikhús minnihlutahóps — sænska þjóðar-brotsins í Finnlandi. Sarkola taldi að í Helsinki og næsta nágrenni væru alls um 100 þúsund Finnlands-Svíar og af leikhúsgestum Lilla Teatern, sem sækja sýningar þess á hverju leikári, er sem næst 60% Finnlands-Svíar en 40% sænskumælandi Finnar. Áhorfendafjöldi leikhússins á hverju leikári er 40—50 þúsund manns og hefur mest orðið 56 þúsund áhorfendur á einu leikári. Áhorfendafjöldinn gæti mestur orðið um 60 þúsund manns miðað við að leikhúsið væri fullskipað áhorfendum á öllum sýningum. Sýningar á síðasta leikári voru 242 og nýtingin í leikhúsinu sjálfu sem næst 75% en um og yfir 80% ef sýningar úti á landsbyggðinni eru taldar með. Ríkið leggur leikhúsinu til um 55% af reistrarkostnaði þess en hin 45% verður leikhúsið sjálft að afla sér, og segir Sarkola að það þurfi að fá sem næst 1 og ½ kassastykki á hverju leikári til að tryggja sé að endar nái saman.

Eins og stór fjölskylda

Leikhúsið er rekið á ekki ósvipuðum grundvelli og Leikfélag Reykjavíkur, þ.e. að það lýtur stjórn leikhúsanna sjálfra. „Núna eru um 9—10 leikarar starfandi við leikhúsið, þeir hafa fæstir orðið 8 en flestir 12—13. Fleiri leikara viljum við ekki hafa, því að um leið rofna þessi sérstöku tengsl sem við teljum svo mikilvægt að halda millum okkar. Við erum eiginlega eins og ein stór fjölskylda, og leggjum áherzlu á eins konar hópvinnu,“ segir Sarkola. Hann hefur verið leikhússtjóri Lilla Teatern nú síðustu leikár en í ráði er að taka upp þríeykisstjórn við leikhúsið þar sem Sarkola verður áfram listrænn leiðtogi þess auk sérstaks sýningarstjóra og fjármálastjóra.

Lilla Teatern er í miklum metum heima fyrir. Þess má t.d. geta að eitt helzta blað Finnlands birti á dögunum mikið yfirlit um leikhúslífið að loknu leikári og tilnefndi beztu sýningar leikhúsanna og frammistöðu einstakra leikara og hlutu þar flestar sýningar Lilla Teatern tilnefningu. „Þetta er svona eins konar Óskarsverðlaunahátíð fyrir finnsku leikhúsin,“ segir Sarkola, „svo að við megum vel við una. Raunar hlaut Borgar sjálfur eina tilnefninguna fyrir beztan leik, og reyndar er óhætt að segja að Borgar sé á grænni grein, því að gagnrýnandi þessa blaðs hefur tekið sérstöku ástfóstri við hann,“ segir Sarkola og glottir.

Við sláum botninn í þetta spjall með því að spyrja Borgar hvernig honum hafi gengið að ná tökum á sænskunni í leik sínum, en hann segir að aðrir séu dómbærari en hann á það og beinir spurningunni áfram til félaga sinna. „Agætlega,“ svarar Sarkola, „það halda flestir sem ekki vita um upp-runa Borgars, að hann sé Finni. Annars er Lilla Teatern býnsa norrænt leikhús, því að í leikhópnum eru sænskumælandi Finnar, Finnlands-Svíar, Svíar eins og Roland hér og Íslendingur. Hver hópur hefur sína mállyzku eða sérstaka hreim, en það kemur ekki að sök, því að allar aðstæður í Finnlandi gera það að verkum að áhorfendur þar eru mjög umburðarlyndir gagnvart því að einhverjum hreim megri greina í framburði leikaranna.“

—bvs

— Víkingar

Framhald af bls. 3

var hafizt handa um að manna „víkingaskipið“ og verða „víkingarnir“, sem halda í vesturveg þessir: Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Sveinn Sæmundsson blaðfulltrúi, Viggó Maack skipaverkfræðingur, Hinrik Bjarnason framkvæmdastjóri, Kjartan Mogensen, sem var áhafnar-maður annars „víkingaskipsins“ á siglingunni frá Noregi 1974, Óli Barðdal seglasaumari, Markús Örn Antonsson borgarfulltrúi, sem er fulltrúi borgarstjóra í forinni og Kári Jónasson fréttamaður, sem er fulltrúi Bláðamannafélags Íslands.

Að undirbúningnum ytra hefur sérstök Íslandsnefnd unnið undir forsæti Ívars Guðmundssonar aðal-ræðismanns, en hátíðahöldin í New York, 4. júlí n.k., verða einhver hin umfangsmestu, sem sögur fara af og er gert ráð fyrir að áhorfendur verði a.m.k. fimm milljónir. Við sýninguna skryðast „víkingarnir“ forn-mannabúningum og hafa þeir verið fengnir að láni hjá Þjóðleikhúsinu en þeir voru notaðir á Alþingishátíðinni 1930.

— Dauðadómar

Framhald af bls. 1

gipsi en hinir virtust við góða heilsu.

Marchant hélt því ákveðið fram að hann hefði farið til Zaire sem leikfímikennari og ekki vitað að hann væri í Angóla fyrr en „Call-an“ofursti“ hefði sagt honum það.

Hann hélt því einnig fram að hann hefði aldrei hleypt af skoti þegar hann var í Angóla og ekkert vitað um borgarastríðið, því blaðalestur sinn í Bretlandi ein-skorðaðist við þriðju síðuna í „The Sun“, sem birtir jafnan myndir af nóktu kvenfólki.

Sakborningarnir eru ákærðir fyrir að hafa verið málaliðar og „framíð glæpi gegn friði í stríði sem hafi miðað að því að kæfa frelsi Angóla og hneppa þjóðina í fjötra, kúga hana og sundra henni“.

Auk þess eru ríkisstjórnir Bretlands og Bandaríkjanna sakaðar um „óskammfeilni“ þar sem þeir hafi leyft ráðningu málaliðanna og brottför þeirra úr landi. Þetta er sagt sýna að þær hafi verið „samsekar málaliðunum og samþykkað gerðum þeirra“. Sagt er bandaríska alríkislögreglan FBI hafi „vitað um og stjórnað“ ráðningu málaliðanna.



Gullkálfurinn, sem Jón Engilberts gaf Birgittu dóttur sinni í afmælisgjöf árið 1954. Trérista.



Fíring Jóhönnu Bogadóttur. Æting og akvatinta. Myndin er gerð á þessu ári.